Nd. **122. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

16. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, orðist svo:

Meðan vöntun er á mönnum, er tekið hafa vjelstjóraþróf samkvæmt lögum þessum, er atvinnumálaráðuneytinu heimilt að veita mönnum, sem fengið hafa vjelstjóraskírteini í öðrum löndum, samkvæmt þar gildandi lögum, skirteini þau, sem ræðir um í 5., 7., 9. og 11. gr., en þess sje þó gætt, að til þess að öðlast hið útlenda skírteini hafi orðið að fullnægja eins miklum kröfum eins og til að öðlast hið íslenska, sem um er sótt.

Sama rjett eiga þeir íslenskir ríkisborgarar og aðrir, sem sömu rjettinda njóta, sem lokið hafa vjelstjóraprófi erlendis.

Heimilt er ráðuneytinu og, meðan svo stendur á sem í byrjun 1. málsgr. segir, að veita efnilegum kyndurum undirvjelstjóraskírteini á fiskigufuskipum með minna en 900 hestafla vjel, þó aðeins til eins árs í senn. Beiðni um slík skírteini skulu fylgja meðmæli samkvæmt 5. gr. b.

Þá er ráðuneytinu og heimilt, meðan svo er sem til er skilið í byrjun 1. málsgr., að veita manni yfirvjelstjóraskírteini samkvæmt 7. og 11. gr., þótt hann hafi ekki verið nema eitt ár undirvjelstjóri á gufuskipi með meira en 200 hestafla vjel, ef hann að öðru leyti fullnægir kröfum 7. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.